

LANDGRÆÐSLUSJÓÐUR

ÁRSSKÝRSLA 2016-2017

REKSTRARREIKNINGUR 2016



Skýrsla Landgræðslusjóðs til aðalfundar Skógræktarfélags Íslands árið 2017

Stjórn Landgræðslusjóðs er þannig skipuð um þessar mundir að úr stjórn Skógræktarfélags Íslands eru Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir og Guðbrandur Brynjúlfsson og að auki Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri og Árni Bragason landgræðslustjóri. Á fundi stjórnar í nóvember s.l. var verkum skipt og var Guðbrandur kjörinn formaður og Þröstur varaformaður. Sú hefð hefur skapast, og í heiðri höfð, að fulltrúar ríkisstofnananna hafa skipst á um að gegna varaformennsu í stjórninni. Að þessu sinni tók Þröstur við af Sveini Runólfssyni sem lét af störfum sem landgræðslustjóri í lok apríl á s.l. ári og gekk þá úr stjórn sjóðsins eins og lög hans hveða á um.

Ársreikningur Langræðslusjóðs fyrir árið 2016 var færður af starfsmönnum útibús KPMG ehf í Borgarnesi, eins og mörg undangengin ár.

Megin lykiltölur úr reikningnum eru þær að rekstrartekjur voru kr. 1.2 millj. og rekstrargjöld 24.9 millj., þar af voru útborgaðir styrkir kr. 22.2 millj., sem skiptast þannig að styrkir skv. skipulagsskrá sjóðsins voru 15,3 millj. og af arfi eftir Hjálmar R. Bárðarson og konu hans Else S. Bárðarson kr. 6,9 millj..

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld voru 3.8 millj. kr. og rekstrarniðurstaða ársins neikvæð um 19,9 millj. kr. Er hér um mikla niðursveiflu að ræða frá árinu 2015, en þá var rekstrarniðurstaðan jákvæð um kr. 27,5 millj.

Eignir í árslok 2016 voru samtals að fjárhæð kr. 368,2 millj. og eigið fé kr. 367,5 millj..

Tekjur Fræbanka Landgræðslusjóðs voru fjármagnstekjur að fjárhæð kr. 50 þús. og eign í árslok 4.950 þús. kr. Engar fjárveitingar voru úr Fræbankanum á árinu.

Eins og fram kemur í ársreikningnum á sjóðurinn nokkrar fasteignir, en þær eru: ½ fasteignin Þórunnartún 6 í Reykjavík, 2. hæð, ¼ jarðarinnar Ingunnarstaðir í Brynjudal og eyðijörðin Langibotn í Geirþjófsfirði í sveitarfélaginu Vesturbyggð. Þessar fasteignir eru bókfærðar á fasteignamati en gera má ráð fyrir að söluverðmæti þeirra sé mun hærra.

Ársreikningur Landgræðslusjóðsins fylgir með fundargögnum og vísast til hans varðandi frekari upplýsingar um fjármál sjóðsins.

Ávöxtun á fjármunum Landgræðslusjóðs, sem nær allir eru í eignastýringu hjá Arionbanka, var afleit á árinu 2016. Nafnávöxtun var einungis 1,82% og þar sem verðbólga var 2,1% var raunávöxtun neikvæð um 0,28%. Það er þessi staðreynd sem veldur þeirri miklu lækun á rekstrarniðurstöðu ársins sem áður er getið, en einnig það að sjóðurinn er ávallt að úthluta styrkjum miðað við forsendur næstliðins árs. Með öðrum orðum þá er á árinu 2016 verið að úthluta styrkjum sem byggja á rekstrarniðurstöðu ársins 2015, svo dæmi sé tekið. Bókfærðir styrkir skv. ársreikningi eru ávallt útgreiddir styrkir, en ekki styrkir skv. úthlutunarskrá viðkomandi árs.

Það sem af er yfirstandandi ári er ávöxtunin einnig fremur léleg, en samt nokkru betri en í fyrra, líklega nálægt 4- 5% nafnávöxtun miðað við 12 mánuði. Ávöxtun það sem eftir lifir þessa árs mun því ráða úrslitum um hvort einhver fjárhæð að ráði verði til ráðstöfunar í styrkveitingar á árinu 2018, en einnig breytingar á neyzluvísitölunni, því sjóðurinn má að hámarki ráðstafa 90% af raunvöxtum í styrki ár hvert. Raunávöxtun s.l. átta ára er mjög breytileg frá ári til árs, en að meðaltali um 4,3% á ári, sem mér finnst ásættanlegt. En það sem vekur sérstaka athygli þegar þessi ár eru borin saman er að það virðist lítið eða ekkert samhengi á milli raunávöxtunar og atvinnu- og efnahagsástands í þjóðfélaginu.

Úthlutun styrkja skv. skipulagsskrá.

Í febrúar s.l., áður en ársreikningur 2016 lá fyrir, var skógræktarfélagunum sent bréf þar sem þeim var gerð grein fyrir því að sennilega yrði lítið eða ekkert til úthlutunar á þessu ári, en þau samt kvött til að senda inn umsóknir, enda ekki ýkja mikil fyrirhöfn. Aðeins örfáar umsóknir bárust og þegar það lá staðfest fyrir eftir gerð ársreiknings að ekkert fé væri til ráðstöfunar í ár var viðkomandi aðilum tilkynnt það bréflaga.

Styrkveitingar, sem ekki eiga sér stoð í skipulagsskrá sjóðsins, hafa á undanförunum árum verið af arfi eftir Hjálmar og Else Bárðarson. Eins og flestum ykkar mun kunnugt hefur Landgræðslusjóður notað megin hluta arfsins til að styðja við landgræðsluskógrækt á fjórum völdum svæðum á landinu. Þessi svæði eru á Ássandi í Kelduhverfi, í Þjórsárdal, við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði og á Langahrygg í Mosfellsdal. Engu var úthlutað til þessara svæða á þessu ári, en samtals er búið að verja í uppgræðslu og gerð minningarlanda um þau hjón á þessum fjórum svæðum 58 millj. króna. Um þessar mundir eru eftirstöðvar arfsins tæpar 2,7 milljónir og ég geri ráð fyrir að stjórn sjóðsins taki ákvörðun í byrjun næsta árs, í seinasta lagi, um ráðstöfun þessa fjár.

Geta vil ég þess að til stendur að stjórn Landgræðslusjóðs heimsæki öll framannefnd svæði á næstunni til að sjá hver árangur hefur orðið af gróðursetningum í þau.

Minningarsjóður Hjálmars R. Bárðarsonar og Else Sörensen Bárðarson veitti tvo styrki til rannsóknaverkefna á yfirstandandi ári, en þau eru:

1. **Rannsókn á áburðaráhrifum belgurta í skógrækt.** Umsækjandi og ábyrgðarmaður þessa verkefnis er Jón Guðmundsson plöntulífeðlisfræðingur. Þetta verkefni hlaut styrk að fjárhæð kr. 1.000 þús.

2. **Samræktun alaskaaspar og alaskalúpínu til framleiðslu iðnvíðar og bindingar kolefnis.**

Verkefni þetta er undir stjórn Hreins Óskarssonar starfsmanns Skógræktarinnar. Verkefnið hlaut kr. 2.200 þús. í styrk. Bæði þessi rannsóknaverkefni hafa hlotið styrki áður.

Tvær aðrar umsóknir bárust minningarsjóðnum að þessu sinni, en þær þóttu ekki falla nógu vel að markmiðum, tilgangi og reglum sjóðsins að mati sérstakrar úthlutunarnefndar sem ráðin var, vegna vanhæfis stjórnarmanna, til að meta fyrirbyggjandi umsóknir og gera tillögur að úthlutunum.

Breyting á skipulagsskrá.

Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands í fyrra greindi ég frá álitserð sem Gunnlaugur Claessen hrl. vann fyrir Landgræðslusjóð vegna meints vanhæfis stjórnarmanna sjóðsins sem koma úr stjórn Skógræktarfélags Íslands til að fjalla um og taka ákvarðanir varðandi styrkumsóknir frá félaginu. Niðurstaða hans var sú að stjórnarmenn frá S.Í. væru vanhæfir í slíkum tilvikum.

Þegar þrjú af fimm stjórnarmönnum eru vanhæfir má segja að stjórnin sé óstarfhæf.

Í lok umfjöllunar minnar um þetta mál fyrir ári sagði ég að það væri áleitinn spurning hvort ekki væri rétt að taka skipulagsskrá Landgræðslusjóðs til endurskoðunar í ljósi breyttra viðhorfa, einkum ákvæði um kjör stjórnar sjóðsins. Á stjórnarfundum s.l. haust var samþykkt að vinna að breytingum á skipulagsskránni og var það gert á útmánuðum s.l. vetrar.

Breytingatillögurnar voru kynntar og ræddar á stjórnarfundum í S.Í. eftir að hafa verið samþykktar einróma í stjórn Landgræðslusjóðs. Breytingatillögurnar verða lagðar fyrir þennan aðalfund S.Í. til staðfestingar, sbr. ákvæði í 13. gr. skipulagsskrár sjóðsins, og þurfa að hljóta samþykki $\frac{3}{4}$ hluta greiddra atkvæða til að öðlast gildi.

Að lokum vil ég, f.h. Landgræðslusjóðs, færa skógræktarfélagunum í landinu beztu þakkir fyrir samskiptin á starfsárinu, einnig stjórn og starfsfólki Skógræktarfélags Íslands, Skógræktinni, Landgræðslu ríkisins og öðrum þeim sem sjóðurinn hefur átt samskipti við. Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands árið 2017 óska ég velfarnaðar.

Brúarlandi, Mýrum 18. ágúst 2017.

Guðbrandur Brynjúlfsson

Landgræðslusjóður
Ársreikningur 2016

Númer í sjóðaskrá 1401

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstremisýfirlit	8
Skýringar	9
Fylgiskjöl:	
1. Yfirlit um fræbanka	11

Skýrsla og áritun stjórnar

Samkvæmt rekstrarreikningi námu gjöld umfram tekjur á árinu 19,9 millj. kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2016 samkvæmt efnahagsreikningi nam 367,5 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi meðferð hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Stjórnin er ólaunuð en vörsluaðili fær greidda þóknun og ökutækjastyrk til að mæta ferðakostnaði.

Stjórn sjóðsins staðfestir hér með ársreikning Landgræðslusjóðs yfir árið 2016 með undirritun sinni.


Reykjavík, 28/4 2017.

Í stjórn:



Guðbrandur Bynjúlíffson

kt. 300448-8019 Brúarlandi, 311 Borgarnes




Pröstur Eysteinnsson

kt. 230855-5019 Höfða, 701 Egilsstaðir




Magnús Gunnarsson

kt. 291050-4179 Lynghvammi 6, 220 Hafnarfjörður



Árni Bragason

kt. 150753-4229 Gunnarsholti, 851 Hella



Purríður Yngvadóttir

kt. 110652-4459 Reykjum, 270 Mosfellsbær

Vörsluaðili:

Guðbrandur Bynjúlíffson

Brúarlandi

311 Borgarnes

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Landgræðslusjóðs

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Landgræðslusjóðs („sjóðinn“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremmysýrlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2016 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðinn órekstrarhæfann.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnesi, **28.4.** 2017.

KPMG ehf.

Sigríður Helga Sveinsd.
Konradsson

Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrartekjur:			
Styrkir og gjafir		36.000	29.500
Húsaleigutekjur		880.670	839.316
Tekjur af eignarhlutum		63.000	113.860
Aðrar tekjur		225.000	230.000
		<u>1.204.670</u>	<u>1.212.676</u>
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá		15.332.397	5.260.000
Aðrar styrkveitningar		6.938.613	10.370.377
Kostnaður vegna fasteigna	5	633.598	578.630
Annar kostnaður	6	2.018.052	1.841.249
		<u>24.922.660</u>	<u>18.050.256</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði	(<u>23.717.990)</u>	(<u>16.837.580)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Tekjur af verðbréfum og hlutabréfum		6.167.833	46.202.582
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(15.459)	(78.387)
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(2.341.591)	(1.796.116)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>3.810.783</u>	<u>44.328.079</u>
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	10	(<u>19.907.207)</u>	<u>27.490.499</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Fasteignir.....	2,7,8	35.769.000	31.809.500
Eignarhlutir í félögum.....	9	39.274.785	37.128.624
Verðbréfaeign.....	9	287.352.539	312.306.420
Fastafjármunir alls		362.396.324	381.244.544
Ýmsar skammtímakröfur		2.057.522	2.380.946
Handbært fé.....		3.773.552	777.232
Veltufjármunir alls		5.831.074	3.158.178
Eignir samtals		368.227.398	384.402.722
Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur.....		367.523.890	383.471.597
Eigið fé samtals	10	367.523.890	383.471.597
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir.....		703.508	931.125
Skuldir samtals		703.508	931.125
Eigið fé og skuldir samtals		368.227.398	384.402.722
Skuldbindingar utan efnahags	11		

Sjóðstreymisýfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	2015
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins samkvæmt rekstrarreikningi	10 (19.907.207)	27.490.499
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Gengismunur verðbréfa		4.434.055 (38.351.599)
Veltufé til rekstrar	(15.473.152)	(10.861.100)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		323.424	799.151
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun	(227.617)	801.166
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		95.807	1.600.317
Handbært fé til rekstrar	(15.377.345)	(9.260.783)
Fjárfestingarhreyfingar:			
Verðbréf, breyting		18.373.665	9.081.597
Fjárfestingarhreyfingar		18.373.665	9.081.597
Breyting á handbæru fé		2.996.320 (179.186)
Handbært fé í ársbyrjun		777.232	956.418
Handbært fé í árslok		3.773.552	777.232

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Landgræðslusjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Fastafjármunir

Fasteignir eru færðar til eignar á fasteignamati og er matsbreytingin færð yfir eigið fé. Afskriftir eru ekki reiknaðar.

3. Verðbréfaeign.

Sjóðurinn hefur gert samkomulag við Arion banka hf. um eignastýringu. Skráð verðbréf í eigu sjóðsins eru eignfærð á markaðsvirði í árslok. Skattur af fjármagnstekjum er gjaldfærður við greiðslu.

4. Hafnbært fé

Bankainnistæður teljast til handbærs fjár.

Sundurliðanir

5. Kostnaður vegna fasteigna greinist þannig

	2016	2015
Fasteignagjöld	451.484	397.169
Tryggingar	182.114	181.461
	633.598	578.630

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig

Laun	400.000	400.000
Launatengd gjöld	69.674	73.255
Sími, burðargjöld og skrifstofuvörur	130.299	123.599
Ökutækjastyrkur	79.200	118.800
Eignarstýringar- og fjárvörsluþóknun	627.638	629.360
Aðkeypt þjónusta	528.457	443.827
Annar kostnaður	182.784	52.408
	2.018.052	1.841.249

Varanlegir rekstrarfjármunir:

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig

	Húseignir Reykjavík	Hrísakot Ingunnarstaðir	Langi-Botn	Samtals
Bókfært verð 1.1.2016.....	18.150.000	7.738.500	5.921.000	31.809.500
Breyting fasteignamats.....	3.650.000	470.500	(161.000)	3.959.500
Bókfært verð 31.12.2016.....	21.800.000	8.209.000	5.760.000	35.769.000

Skýringar, frh.:

8. Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat mannvirkja nam samtals 28,8 millj. kr., hlunninda 1,3 millj. kr. og lóða 5,6 millj. kr. í árslok 2016. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna samtals 54,8 millj. kr.

9. Verðbréf

Verðbréfaeign greinast þannig:

	2016	2015
Lán til Skógræktarfélag Íslands, óverðtryggt, 5% fastir vextir	34.792.188	34.792.188
Skráð verðbréf	252.560.351	277.514.232
Verðbréfaeign samtals 31.12.2016	287.352.539	312.306.420
Hlutabréf	39.274.785	37.128.624
Hlutabréf samtals 31.12.2016	39.274.785	37.128.624

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning

	2016	2015
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	383.471.597	354.064.598
Endurmat fasteigna sbr. skýring 7	3.959.500	1.916.500
Rekstrarniðurstaða ársins (neikvæð)	(19.907.207)	27.490.499
Eiginfjárreikningur í árslok	367.523.890	383.471.597

11. Skuldbindingar

Landgræðslusjóður hefur samþykkt að styrkja ýmis skógræktarfélag í landinu og nemur skuldbinding vegna þessa 18,1 millj. kr. í árslok 2016. Styrkirnir verða gjaldfærðir og greiddir þegar styrkþegi hefur skilað inn til sjóðsins skriflegri greinargerð um framgang verkefnisins og kostnað.

12. Tengdir aðilar

Stjórn er skilgreind sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila, þar með talið Skógræktarfélag Íslands.

Landgræðslusjóður hefur átt viðskipti við tengda aðila. Sjóðurinn lánaði Skógræktarfélagi Íslands 87,5 millj.kr. í árslok 2011. Lánið er til 25 ára, óverðtryggt og ber fasta 5% vexti.

13. Önnur mál

Á fylgiskjali 1 er yfirlit um rekstur og stöðu Fræbanka Landgræðslusjóðs á árinu 2016. Landgræðslusjóður hefur umsjón með rekstri Fræbanka, en hlutverk hans er að fjármagna kaup á trjáfræum til skógræktar. Í árslok námu eignir Fræbankans um 5,0 millj. kr., en þær eru ekki færðar í efnahagsreikningi Landgræðslusjóðs.

Rekstraryfirlit ársins 2016

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):

Vaxtatekjur	4.151
Breyting á gengi sjóða.....	51.692
Eignastýringarþóknun.....	(4.885)
Fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður	(826)
	<u>50.132</u>

Rekstrarniðurstaða ársins 50.132

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir:

Verðbréfaeign.....	4.861.839
Bankainnstæður	88.680
	<u>Eignir samtals 4.950.519</u>

Eigið fé:

Flutt frá fyrra ári	4.900.387
Rekstrarniðurstaða ársins	50.132
	<u>Eigið fé samtals 4.950.519</u>